

## Vorferð Gammadeildar á Eyrabakka 28. maí 2019

Þriðjudaginn 28. maí sl. lögðu 17 Gammasystur af stað í vorferð með rútu frá frá bílastæði Verzlunarskólans. Ferðinni var heitið á Eyrabakka þar sem húsráðendur í Bakkastofu, Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson tóku á móti okkur glöð í bragði.

Ásta Krístrún leiddi okkur um húsið og sagði okkur sögur frá fyrri tíð. Sannkallaður leynipráður sem spinnst í kringum fólk og atburði sem hún fjallar m.a. um í bók sinni *Það sem dvelur í þögninni*. Það var bæði ánægjulegt og notalegt að sitja í hlýjum húsakynnum þeirra hjóna og hlýða á sögur Ástu og tengingar við fólk og staði.

Valgeir lét sitt ekki eftir liggja, söng fyrir okkur og spilaði á gítar nokkrar perlur úr sinni smíðju.

Frá Bakkastofu á Eyrarvegi gengum við yfir í *Húsið* vestar við sömu götu þar sem örfundur var settur. Konur hvattar til að skrá sig á Alþjóðlega þingið í lok júlí og formaður bað félaga um að senda í pósti hugmyndir um þema og umfjöllun fyrir næsta starfsár.

Súpan var góð en enginn var konfektmolinn.

Heim var haldið á þessu fagra vorkvöldi þar sem Suðurlandið skartaði sínu fegursta. Hekla í fjarska og birtan engu lík.

Mættar voru: Edda Pétursdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfr, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Svana Friðriksdóttir, sem nutu ferðarinnar.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir